Skólaráð Smáraskóla

Fyrsti fundur skólaráðs skólaárið 2020-2021 haldinn rafrænt á TEAMS þriðjudaginn 6. október 2020 kl. 08:10-09:10.

Mætt: Börkur Vígþórsson skólastjóri stýrði fundi, Kristín Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri og áheyrnarfulltrúi ritaði fundargerð, Valtýr Bergmann fulltrúi foreldra, Guðlaug Harpa Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Sigrún Snædal Logadóttir fulltrúi kennara, Berglind Brynjarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Eysteinn Pétur Lárusson fulltrúi grenndarsamfélags, Salka Högnadóttir fulltrúi nemenda (10.bekk), Karel Halldór Karelsson fulltrúi nemenda (9.bekk)

Efni fundar: Starfshættir og starfsáætlun og staða skólastarfs í haust.

1. Hlutverk skólaráðs: Börkur rifjaði upp hlutverk ráðsins
2. Starfsáætlun skólaráðs: Börkur fór yfir starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið, fundi, fundarefni og áætla opna fundi sem huga þarf að sérstaklega aftur síðar eftir því hvernig heimsfaraldrinum vindur fram.
3. Starfsáætlun Smáraskóla: Var send fundargestum í tölvupósti fyrir nokkrum dögum og verður skilað til Menntasviðs fyrir 15. október nk. Farið yfir nokkur atriði starfsáætlunarinnar, m.a. að erlent Erasmus samstarf liggur niðri vegna Covid19 og kirkju- og ljósgönguferðir. Fulltrúar nemenda nefndu að gott væri að hafa val um hvort farið væri í kirkju eða ljósagöngu. Fulltrúar munu láta vita hvort þeir kanna álit í sínu baklandi og láta skólastjóra vita. Á bls 21 er fjallað um teymiskennslu og námsmat. Þörf hefur verið á nánari útskýringum á námsmati og kvörðum, t.d. skilgreiningu á milli „A“ og „B“. Annað í starfsáætlun snýr að sjálfsmati sem lítill tími hefur gefist til að sinna vegna aðstæðna á skólaárinu. Engar athugasemdir gerðar og verður skilað fyrir 15.okt.
4. Skólabyrjun haustið 2020: Því miður forfallaðist þroskaþjálfi fljótlega eftir skólabyrjun. Ekki tókst að ráða þroskaþjálfa/sérkennara en annar fagmenntaður starfsmaður nýráðinn. Einnig hafa verið mikil forföll skólaliða sem þó er leyst frá og með 1. október. Fráfall smíðakennara fljótlega eftir skólabyrjun hefur einnig haft mikil áhrif. Auglýsing um starf smíðakennara bar ekki árangur en nýlega var gengið frá tímabundinni ráðningu við húsgagnasmið sem mun tímabundið starfa sem leiðbeinandi. Covid hefur einnig haft áhrif, nokkrir hafa farið í sóttkví. Fram að þessu hefur þó gengið að halda úti hefðbundnu skólastarfi samkvæmt stundaskrám. Þrátt fyrir að ekki séu beinar hömlur á skólastarfi þá eru lagðar áherslur á að minnka samgang starfsmanna sín á milli og aðgengi foreldra að skólanum áfram heft. Spurt hvort allur skólinn verði látinn vita ef upp kemur smit meðal nemenda eða starfsmanna.
5. Önnur mál:
    - Myndavélar í kringum skólann. Eru í fullri notkun. Reglur gilda um hvernig nota má efnið.
    - Hlið fyrir bíla. Nú er verið að búa til lokun.
    - Staða á nýbyggingu. Engar nýjar fréttir. Fjölgun nemenda er ekki eins og spár frá fyrra ári gerðu ráð fyrir. Á nýlegum fundi ítrekuðu skólastjórnendur þörf fyrir mötuneyti og matsal.
    - Skólahreysti – eigum við að halda þeim draumi á lofti?
    - Ath merkingu á sleppistæði.
    - Frístundabíllinn stoppar núna fyrir ofan skólann.